

**70** sjeu kjósendur, af því hún þekkir þá, eða meiri hluti hennar, þá hefir kjörstjórn  
22. maí bæði rjett og skyldu til að taka slíkan lista fullgildan. En við nefnda kosning  
hefir kjörstjórnin eigi þótt hafa ástæðu til að sleppa þessum kröfum til listans,  
því, að í yfirlýsingu sem hún hefir gefið 27. marz þ. á., eptir áskorun stjórnarráðsins,  
hefir kjörstjórnin látið uppi, að hún eigi með fullri vissu einu sinni hafi getað  
vitað, að 5 af kjósendum bæjarins stæðu á hinum umrædda lista sem meðmæl-  
endur. Samkvæmt þessu verður bæjarstjórnarkosningunni eigi hrundið fyrir þá  
sök, að nefndur listi var felldur frá henni á áminnstan hátt, enda hafa lögin eigi  
lagt á oddvita kjörstjórnarinnar leiðbeiningarskyldu, eins og kærandi heldur fram.

Að því er snertir aðfinninguna við leiðbeiningarskjalið, er það upplýst,  
að svigar voru um krossinn á lista þeim, sem getur um í 1. málslið 5. gr. nefndra  
laga, en ekki á leiðbeiningarskjali því, sem ræðir um í 3. málslið sömu gr., en  
eptir því sem atkvæði fjellu hafði þetta ekki nein áhrif á úrslit kosninganna.  
Loks hefir eigi gegn neitun kjörstjórnarinnar tekizt að færa sönnur á það, að  
hún hafi líðið kjósendum að vera í kjörstjórnarstofunni og mæla þar fram með  
sjerstökum lista eða fulltrúaefni, enda hefði það, þótt sannast hefði, eptir atvikum  
eigi þurft að varða ógildingu kosningarinnar, heldur aðeins vítum fyrir kjörstjórnina.

Samkvæmt þessu er hjer með ákveðið, að óhaggaður skuli standa úrskurð-  
ur bæjarstjórnar Seyðisfjarðar 14. jan. þ. á. um að bæjarstjórnarkosningin 2. s.  
m. skuli gild.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birt-  
ingar og er um leið endursent leiðbeiningarskjal það, sem fylgdi framangreindu  
brjefi yðar.

**71** **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaptafellssýslu um end-  
31. maí urgjald á sveitarstyrk.**

Eptir að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu með brjefi dags. 26.  
september f. á., hefir skotið undir úrskurð amtmannsins yfir Suður- og Vestur-  
amtinu ágreiningi milli yðar, herra sýslumaður, og sín um það, hverjum hreppi  
beri að endurgjalda Grindavíkurhreppi styrk að meðtöldum útfararkostnaði, að  
upphæð 149 kr. 88 aura, sem lagður var þar á árunum 1899—1902 gamalmenn-  
inu Sigríði Þórarinsdóttur, og eptir að stjórnarráðinu hefir í brjefi yðar, dags. 25.  
febr. þ. á., borizt umsögn yðar um málið, sem amtmáður hafði lagt fyrir yður að  
láta í tje, er svofelldur úrskurður lagður á það.

Mál þetta er svo vaxið, er hjer greinir: Sigríður, sem var fædd í Kleifa-  
hreppi hinum forna árið 1833, veiktist vorið 1899 í Kvihúsum í Grindavíkurhreppi,  
svo að hún var ófær til að vinna fyrir sjer. Húsbóndi hennar sagði hana þá til  
sveitar og samdi hreppsnefnd tjeðs hrepps við hann að halda hana með 40 kr.  
meðlagi á ári og var hún haldin með því meðlagi, þangað til hún dó 13. febr. 1902.  
Hreppsnefndin tilkynnti síðan fæðingarhrepp Sigríðar styrkveiting þessa í tæka  
tíð, og með brjefi 18. júlí 1900 viðurkendi hreppsnefnd fæðingarhreppsins Sig-

ríði sveitlæga þar í hreppnum, Kleifahreppi hinum forna, og lofaði að greiða **71**  
hinn veitta styrk, þótt hann væri eigi veittur á sem fornlegastan hátt, en **31. maí**  
krafðist jafnframt, að þurfalingurinn yrði sem fyrst flutt austur á sveit sína, en  
úr þeim flutningi varð eigi, þar eð hjeraðslæknir áleit frágangssök að flytja hana  
vegna veikinda hennar. Um haustið s. á. fannst það í kirkjubókum Kirkjubæjar-  
klausturs, að Sigríður fyrir mörgum árum hafði gipzt Oddi nokkrum Björnssyni,  
er hafði flutt suður í Gullbringu- og Kjósarsýslu; var þá farið að rannsaka, hvort  
Oddur væri á lifi, og reyndist það þá, að Oddur var giptur aptur og var því af  
hálfu rjettvísinnar höfðað og dæmt mál gegn honum fyrir tvíkvæni. Með því nú  
að Sigríður hlaut að eiga sömu framfærslusveit og eiginmaður hennar, Oddur  
Björnsson, var framfærslumál þetta tekið upp af nýju, og farið að leita eptir því,  
hvar Oddur Björnsson ætti framfærslusveit. Það er nú viðurkennt, að Oddur  
hafði ekki unnið sjer framfærslusveit utan fæðingarhrepps síns, Kleifahrepps hins  
forna, er hann flutti í Kjalarneshrepp vorið 1879, en þar dvaldi hann sem vinnu-  
maður þangað til vorið 1883, og næstu 4 árin þar á eptir var hann búandi í  
hreppnum. Vorið 1887 gjörðist hann húsmáður í sama hreppi, en vorið 1889  
kærði hreppsnefndin hann fyrir sýslumanni fyrir ólöglega húsmennsku, og fyrir  
lögreglurjetti er haldinn var út af því, gekk hann inn á að greiða sekt fyrir  
ólöglega húsmennsku. Í rjettarprófi þessu kveðst Oddur, þegar hann gjörðist  
húsmáður, hafa sótt til hreppsnefndar um húsmennskuleyfi, en hún hafi neitað  
sjer um það. Haustið eptir að hann var sektaður, sótti hann á ný um leyfi til  
húsmennsku, en hreppsnefndin neitaði að veita; hann hjelt þó áfram húsmennsku  
sinni þangað til í næstu fardögum vorið 1890, er hann tók jörð til ábúðar í  
hreppnum, og var búinn að búa þar í 9 ár, þegar Sigríður kona hans þáði styrk  
í Grindavíkurhreppi, sem fyr segir.

Ágreiningurinn milli ykkar sýslumannanna er nú um það, hvort sveit-  
festisdvöl Odds í Kjalarneshreppi hafi slitnað við húsmennsku hans 1887—1890 og  
við styrkveitinguna til konu hans 1899. Þjer teljið lögreglumálið og sektun Odds  
fyrir ólöglega húsmennsku aðeins málamyndaverk hreppsnefndarinnar í Kjalarnes-  
hreppi og geti því eigi slitið sveitfestisdvöl hans þar, og að því er styrkveiting-  
una til Sigríðar snertir, teljið þjer hana eigi heldur bæra um að slíta sveitfestis-  
dvöl Odds, þar sem svo að segja engra fyrirmæla um lögmæta veiting sveitar-  
styrks hafi verið gætt við hana, sjerstaklega sje það eigi sannað, að Oddur hafi  
þá verið eignalaus.

Það verður nú eptir málavöxtum að álíta, að húsmennskudvöl Odds í  
Kjalarneshreppi frá vordögum 1887 til vordaga 1890 geti eigi talizt lögmæt sveit-  
festisdvöl og að hann því hafi verið sveitlægur í Kleifahreppi hinum forna vorið  
1899, þegar Sigríður kona hans þáði í Grindavíkurhreppi. Styrkveiting þessa  
verður einnig að telja lögmætan sveitarstyrk til Odds, þar sem Kleifahreppur  
hinn forni, sem var framfærsluhreppur hans þá, hefir eigi hreyft neinum mót-  
mælum gegn lögmæti styrkveitingarinnar til Sigríðar, og það atriði, að fyrst  
seinna sannast, að hún var gift kona, gefur ekki rjett til að ganga frá viðurkenn-

**71** 31. maí ing þessari, þarsem aðeins styrkþörf Sigríðar eptir því sem á stóð kemur hjer til greina, enda endurgalt Oddur eigi styrkinn, er hinir sönnu málavextir komu í ljós.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjer með, að Kleifahreppi hinum forna ber að endurgjalda Grindavíkurhreppi framannefndar 149 kr. 88 aura.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna og eruð þjer um leið beðinn að sjá um, að upphæð þessi verði sem fyrst greidd Grindavíkurhreppi.

**72** 3. júní **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um flutning þingstaðar.**

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Tunguhreppi í sýslu yðar og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Kirkjubæ í Tungu, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**73** 3. júní **Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Norðurmúlasýslu um flutning þingstaðar.**

Eptir móttöku brjefs yðar, herra sýslumaður, dagsetts 8. f. m., og eptir beiðni hreppsnefndarinnar í Hlíðarhreppi í Norðurmúlasýslu og samkvæmt tillögum sýslunefndarinnar í nefndri sýslu, veitir stjórnarráðið hjer með samþykki sitt til þess að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Fossvöllum að Sleðbrjót, með því skilyrði að hreppsnefndin annist um að til verði hæfilegt hús til þinghalda á hinum nýja þingstað.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari birtingar.